

# *Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.*

## FUNDARGERÐ

### 20. fundur

Fundur var haldinn í byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga mánudaginn 2. mars árið 2009. Fundurinn var haldinn hjá Þingeyjarsveit að Kjarna á Laugum og hófst hann kl. 13<sup>30</sup>.

Fundinn sátu:

Helgi Hallsson, Jóhannes Steingrímsson, Kristján Snæbjörnsson, Kolbeinn Kjartansson, Jónas Jónasson og Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

#### **1. 200804040 – Erindi frá Ólöfu Hallgrímsdóttur Vogum 1, Skútustaðahreppi**

Ólöf Hallgrímsdóttir f.h. Vogabús ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við veitingaaðstöðu Vogafjóss ásamt fl. breytingum. Um er að ræða stækkun veitingasalar, fjölgun snyrtinga, fjölgun glugga og gera eldhús og starfsmannaaðstöðu í hlöðu. Stærð viðbyggingar er 110,6 m<sup>2</sup>. Teikningar eru unnar af Per Langsøe Christensen hjá Mannviti. Málið var áður tekið fyrir á fundi nefndarinnar 10. apríl 2008 og þá ákveðið að grenndarkynna erindið. Fyrir liggur samþykki Vinnueftirlits fyrir teikningunum.

*Byggingarnefnd telur samþykktar undirskriftir fylgjandi umsókn fullnægjandi. Jafnframt telur nefndin að viðbygging sé í samræmi við aðalskipulag. Nefndin leggur því til við sveitarstjórn að samþykkt verði byggingarleyfi fyrir viðbyggingunni, að fengnum meðmælum Skipulagsstofnunar skv. 3.tl. bráðabirgðaákvæðis skipulags- og byggingarlaga.*

#### **2. 200902120 - Erindi frá Trésmiðjunni Rein ehf.**

Sigmar Stefánsson f.h. Trésmiðjunnar Rein ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir þjónustuhús við Dimmuborgir í Mývatnssveit. Húsið er timburhús á steiptum grunn 184 m<sup>2</sup> að stærð. Teikningar eru unnar af Haraldi Árnasyni. Fyrir liggur lóðarsamningur undirritaður milli landeigenda og lóðarhafa.

*Byggingarnefnd telur fyrirhugaða byggingu í samræmi við deiliskipulag. Nefndin leggur því til að byggingarleyfi verði samþykkt með fyrirvörum um: 1. Samþykki vinnueftirlits, heilbrigðiseftirlits og eldvarnareftirlits. 2. Afriti fullnægjandi þinglýsts lóðarsamnings.*

#### **3. 200902091 - Erindi frá Áka Heiðari Garðarssyni Bæjarsíðu 3, Akurevri**

Áki Heiðar Garðarsson sækir um byggingarleyfi fyrir vélageymslu að Höfðabyggð E 08 í Lundsskógi, Þingeyjarsveit. Húsið er timburhús á steiptum grunn 66,0 m<sup>2</sup> að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Ragnari Auðunni Birgissyni arkitekt.

*Byggingarnefnd frestar afgreiðslu málsins og felur byggingarfulltrúa að afla umsagnar landeiganda.*

## ***Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.***

**4. 200902084 – Erindi frá Fjallskiladeild Austur-Bárðdæla**

Jón Gústafsson f.h. Fjallskiladeildar Austur-Bárðdæla sækir um byggingarleyfi fyrir gangnamannakofa að Slakka-Bjartsýnisbúðum á Bárðdælaafrétti. Húsið er timburhús 32 m<sup>2</sup> að grunnfleti. Erindið var áður tekið fyrir á fundi nefndarinnar 4. júlí 2007 og þá frestað þar til lóðarsamningur lægi fyrir. Hann hefur nú borist.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

**5. 200710024 – Erindi frá Raflæk ehf. Árteigi, Þingeyjarsveit**

Raflækur ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir rafstöðvarhús við inntak Árteigsvirkjunar, Þingeyjarsveit. Húsið er tvær hæðir samtals 71,3 m<sup>2</sup>, steiptur kjallari og efri hæðin úr polyúrethan einingum. Teikningar eru unnar af Bergi Steingrímssyni á Verkfræðistofu Norðurlands ehf.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um endanlegan frágang deiliskipulags.*

**6. 200902113 – Byggingarskýrsla S-Þing árið 2008**

Byggingarskýrsla Suður-Þingeyjarsýslu 2008 olögð fram sem drög.

**7. 200810089 – Erindi frá sýslumanninum á Húsavík**

Óskað er eftir umsögn nefndarinnar vegna rekstrarleyfis til Sigfúsar Haraldar Bóassonar til reksturs gististaðar floki II að Birkihrauni 5 og 7, Skútustaðahreppi. Erindið var áður til umfjöllunar 18. nóvember og þá óskað grenndarkynningar.

*Sveitarstjórn Skútustaðahrepps annaðist grenndarkynningu og hefur sent niðurstöðu sína á byggingarnefnd.*

*Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn, enda verði tryggð bilastæði við húsið.*

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 15<sup>00</sup>.

Helgi Hallsson  
Jóhannes Steingrímsson  
Kristján Snæbjörnsson  
Kolbeinn Kjartansson  
Jónas Jónasson  
Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi